



PÓSTMANNABLAÐIÐ



GLEÐILEG
JÓL
– FARSÆLT
NÝTT ÁR!

Póstmannablaðið

– málgagn póstmanna

„Eitt atriði hefur einkennt Póstmannablaðið frá upphafi en það er áhugi fyrir starfsaðstöðu og starfsöryggi félagsmanna í Póstmannafélaginu enda félagið í þeirri sérstöku aðstöðu að allir félagsmenn hafa unnið hjá sama vinnuveitanda. Í blaðinu hafa birst greinar og viðtöl sem bera þessu vitni.“ – Þetta kemur m.a. fram í leiðara Póstmannablaðsins að þessu sinni.

Sjá bls 2

Gildi stéttarfélagsins

„Póstmannafélagið stendur fyrir fræðslu- og upplýsingastarfi í samvinnu við BSRB og hafa félagsmönnum staðið til boða ýmis námskeið á vægu verði. Mikilvægasta hlutverk stéttarfélags er þó auðvitað að standa vörð um réttindi félagsmanna sinna og semja um kaup og kjör.“ – Kristín V. Gísladóttir, ritstjóri skrifar hugleiðingu.

Sjá bls. 4

Ævintýraferð um Snæfellsnes

„Tíminn leið ljúft áfram og margt sem bar fyrir augu og eyru, farkostur góður og lengst af vegur góður með varanlegu slitlagi. Það er breytt frá því sem áður var þegar vegir okkar voru eins og þvottabretti með víðeigandi djúpum holum á milli.“ – Guðmundur Jóhannsson rifjar upp ferðasögu frá sl. sumri.

Sjá bls. 8

Jólakrossgátan

Jólakrossgáta Póstmannablaðsins er auðvitað á sínum stað og svikur engan fremur venju. – Góða skemmtun!

Sjá bls. 14

Þegar þetta eintak Póstmannablaðsins berst póstmönnum standa jólaánnir væntanlega sem hæst. Vonandi gefst tími til að lesa þann boðskap sem blaðið flytur. Sennilega hafa aldrei eins margir póstmenn skipt um eða flutt sinn vinnustað og í ár, er þar mesta breytingin flutningur í nýja póstmíðstöð. Þeim flutningum eru gerð betri skil annarsstaðar í þessu blaði. Vonandi hafa þessar breytingar allar verið til góðs og stuðla þannig að því að auðvelda vinnu og minnka álag einkum í jólaönnum. Póstmenn geti því eins og aðrir landsmenn notið þess sem jólin og undirbúningur þeirra hefur að bjóða. Gleðileg jól!

Leiðari:

Blaðaútgáfa stéttarféлага

**Puríður Einarsdóttir
formaður PFÍ skrifar**

Éftir að íslensk verkalýðsfélög voru stofnuð hófu þau útgáfu eigin blaða og fréttarita. Fljótt kom í ljós að blöð og tímarit eru besta vettvangurinn til að koma stefnumálum sínum á framfæri. En þau gera meira, þau birta upplýsingar fyrir félagsmenn, í þeim er að finna kjarasamninga, launatöflur og ýmsar ábendingar sem koma félagsmönnum að góðum notum. Einnig er í félagsblöðum almennur fróðleikur, greinar og frásagnir eftir félagsmenn, einnig ýmislegt skemmtiefni. Í þessum efnum hefur Póstmannablaðið ekki verið eftirbátur annarra félagsblaða.

Póstmannablaðið kom fyrst út 1932 og hefur í tímans rás tekið miklum breytingum eins og vænta má. Eitt atriði hefur einkennt Póstmannablaðið frá upphafi en það er áhugi fyrir starfsaðstöðu og starfsöryggi félagsmanna í Póstmannafélaginu enda félagið í þeirri sérstöku aðstöðu að allir félagsmenn hafa unnið hjá sama vinnuveitanda. Í blaðinu hafa birst greinar og viðtöl sem bera þessu vitni. Má þar minna á greinar um kjaramál, vinnuaðstöðu og fleira er tengist daglegum störfum félagsmanna. Er verið var að undirbúa breytingu á rekstrarformi Pósts og síma voru skrifaðar margar greinar. Þar birtist andstaða stjórnar félagsins við rekstrarformsbreytinguna og var sú andstaða rökstudd með ýmsum hætti. Að sjálfsgöðu var töluverður ótti um starfsöryggi og varað var við



því að afleiðing af breytingunni yrði lakari þjónusta, einkum á landsbyggðinni, enda rekstur hlutafélags í eðli sínu þannig að honum er ætlað að skila eiganda sínum hagnaði. Á það var ekki hlustað en ef íbúar hinna ýmsu landssvæða og borgarhverfa yrðu spurðir í dag hvort þjónusta póstsins hefði breyst þá yrði svarið efalaust á mörgum stöðum að hún hefði versnað. Þá birtist líka sú skoðun stjórnar að aðskilja ætti Póst og síma það þótti þá alger firra.

Ekki var rekstrarformsbreytingunni fyrr lokið en ráðamenn gerðu þá merku uppgötvun að skynsamlegast væri að aðskilja fyrirtækin. Þannig var nú það. Oft hefur leiðari blaðsins

einnig verið áminning til stjórnenda fyrirtækisins og viðbrögðin mismunandi. Hafa þeir ekki alltaf verið grein-arhöfundum alveg sammála enda ekki við því að búast eða til þess ætlast. Þessi greinaskrif vekja þó athygli og eru greinarnar lesnar jafnvel með ör-lítilli eftirvæntingu. Aldrei hefur þó neinu verið mótmælt opinberlega. En það er réttur hvers og eins að koma með ábendingar ef rangt hefur verið farið með staðreyndir eða ef skrif eru byggð á misskilningi. Ekkert af því sem birst hefur í Póstmannablaðinu hefur verið skrifað í neikvæðum tilgangi heldur eingöngu til ábendingar, og kannski til að veita aðhald í ljósi þess að það er stefna Póstmannafélagsins og þar með Póstmannablaðsins sem málagns félagsins að vinna með ráðamönnum fyrirtækisins að sífellt betra fyrirtæki og öruggari vinnustað fyrir félagsmenn.

– ÞE.

Gjallarhornið



Öryggistrúnaðarmenn

Hjá Íslandspósti er hafin vinna við að skipa öryggistrúnaðarmenn og öryggisnefndir á hverjum vinnustað. Undirbúningur þessi hefur verið í samvinnu við Póstmannafélagið og hefur trúnaðarmönnum félagsins verið sent bréf þar sem málið er skýrt en það kemur í hlut trúnaðarmanna á hverjum vinnustað að sjá til þess að kosning öryggistrúnaðarmanna fari fram. Það er ástæða til að lýsa ánægju með þessa þróun mála. Öryggismál eru eitt af því sem verður að vera í lagi á hverjum vinnustað og með skipan öryggistrúnaðarmanna er stigið skref að því marki. Þarna gefst starfsmönnum líka vettvangur til að koma ábendingum sínum á framfæri um það sem betur mætti fara á vinnustaðnum.

Laun í veikindum

Félagsmenn í Póstmannafélaginu eiga, samkvæmt kjarasamningum, rétt til launa í veikindum. Þessi réttur hefur áunnist með baráttu stéttarfélaganna á undanförunum áratugum. Menn ávinna sér þennan rétt með starfsaldri. Þess lengur sem við erum í starfi því betri réttur. Um þetta allt má lesa í Handbók póstmanna og einnig hvað gera skal ef til launataps kemur vegna langvarandi veikinda.

Í hvert sinn sem starfsmaður er frá vinnu vegna veikinda er reiknað út hversu marga daga hann hefur verið fjarverandi af þeim sökum síðustu 12 mánuðina. Hafi viðkomandi á því tímabili verið lengur frá en sem nemur þeim dagafjölda sem hann á rétt til launa í veikindum, falla launagreiðslur niður. Starfsmenn eiga á fyrsta ári rétt til launa í veikindum sem nemur tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð. Síðan aukast þessi réttindi með lengri starfsaldri. Það hefur komið mörgum illa þegar til langvarandi veikinda hefur komið að þeir eiga ekki rétt til launa. Á því hafa fáir efni. Förun því vel með þennan rétt, hann er eitt af því dýrmætasta sem við höfum sem launþegar.



2. TIL. 30. ÁRG. DESEMBER 1999

PÓSTMANNABLAÐIÐ

Ábyrgðarmaður: Puríður Einarsdóttir
Ritstjóri: Kristín V. Gísladóttir

Ritnefnd: Ragnheiður Björnsdóttir,
Herdís Skarphéðinsdóttir,
María Magnúsdóttir,
Margrét Ásgeirsdóttir.

Umsjón: Athygli
Umbrot og hönnun: Rita
Prentun: Grafík





Reglugerð Vinnueftirlits ríkisins lýsir mikilli vanþekkingu á störfum bréfbera.

Reglugerð um vinnu barna og unglunga:

Bréfberastörf talin til léttari starfa!

Á undanförunum misserum hefur verið mikið rætt um álag á bréfbera hjá Íslandspsti vegna mikils póstmagns sem einkum stafar af aukningu á fjölpósti. Bréfberar hafa fundað og lýst óánægju sinni og þreytu vegna álags. Svo langt var gengið að Vinnueftirlitið hélt fund með fulltrúum félagsins og lýsti áhyggjum sínum vegna þeirra byrða sem bréfberar sáust með á götum úti. Fyrirtækið hefur reynt að koma til móts við bréfbera með bættum tækjum svo sem nýjum töskum, kerrum og reiðhjólum. Einnig hefur skipting bréfbera-svæðanna verið endurskoðuð með breytta samsetningu á pósti í huga.

Það skýtur því skökku við þegar lesa má í nýjustu útgáfu Vinnuverndar,

fréttabréfs Vinnueftirlitsins, að í reglugerð um vinnu barna og unglunga er pósturður talinn til léttara starfa sem hæfi unglingum. Þessi reglugerð lýsir eingöngu vanþekkingu þeirra sem setja reglurnar á eðli starfa bréfbera. En það er fleira en þungi sem þarf að taka tillit til þegar fjallað er um pósturður. Þó ekki sé hér verið að draga úr samviskusemi unglunga þá er það að bera út póst starf sem krefst vandvirkni og ábyrgðar. Viðskiptavinurinn þarf að geta treyst því að allir sem koma nálægt póstsendingum séu samviskusamir og geri sér grein fyrir mikilvægi starfs síns í ferli póstsendinga frá sendanda til viðtakanda.

... HEYRST HEFUR ...

... að vænlegra sé til árangurs í fyrirtækjum að ráðamenn þeirra hafi sem flestir aðsetur eins langt frá aðalstarfsemi fyrirtækisins og kostur er. Starfsmenn hafi sem minnst af sínum yfirmönnum að segja nema þegar eitthvað

fer úrskeiðis á vinnustaðnum þá eru starfsmenn minntir á að bæta ráð sitt. Útgerðarmenn eiga bara eftir að átta sig á þeirri staðreynd að betra er að hafa skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra í landi en láta hásetana um skútuna.

Mataruppskriftin

Söru- Bernhards smákökur

600 gr. möndlur

500 gr. flórsykur

10 eggjahvítur

Hakkið möndlur fínt. Stífpeytið eggjahvíturarnar. Sigtíð saman möndlur og flórsykur og blandið eggjahvítunum varlega saman við. Sett með tsk. (ca 1/2) á vel smurða plötu bakað í 15 mín við 180 gr.

Krem

2,5 dl. sykur.

2,5 dl. vatn.

10 eggjarauður

4 msk. kakó

1/2 tsk. Nescaffi

500 gr. smjör

Vatn og sykur sodið við hægan hita í ca. 8 mín., þar til það er orðið að glæru sírópi. Eggjarauðurnar stífpeyttar, sírópinu blandað varlega saman við og síðan kakói, kaffi og smjöri hrært út í. Kreminu er smurt á kökurnar og þær frystar.

800 gr. af Opal-súkkulaðihjúp er bræddur í 2 msk. af matarolíu og kremhlið kökunnar dýft í löginn. Kökurnar frystar á ný.



Margrét Ásgeirsdóttir, Stykkishólmi sendi okkur þessa uppskrift að bakstri fyrir jólin





Margir virðast ekki gera sér grein fyrir umfangsmiklu starfi félagsins og hlunnindum félagsmanna fyrr en á þarf að halda, segir greinarhöfundur m.a.

Um gildi þess að vera í stéttarfélagi

Póstmannablaðið er að þessu sinni sent öllum starfsmönnum Íslandspósts en það er að öllu jöfnu aðeins sent félagsmönnum. Það er því kærkomið tækifæri til þess að benda á gildi þess að vera í stéttarfélagi. Margir virðast nefnilega ekki gera sér grein fyrir umfangsmiklu starfi félagsins og hlunnindum félagsmanna fyrr en á þarf að halda. Má þar t.d. nefna aðgang að sjóðum eins sjúkra- og starfsmenntunarsjóði. Félagið á einnig og rekur sumarbústaði svo og íbúð í Reykjavík.

Póstmannafélagið stendur fyrir fræðslu- og upplýsingastarfi í samvinnu við BSRB og hafa félagsmönnum staðið til boða ýmis námskeið á vægu verði. Mikilvægasta hlutverk stéttarfélags er þó auðvitað að standa vörð um réttindi félagsmanna sinna og semja um kaup og kjör.

Af gefnu tilefni skal á það bent að kjarasamningur tryggir aðeins lármarks-



Kristín Gísladóttir,
ritstjóri Póstmannablaðsins

kjör því að sjálfsögðu er vinnuveitanda heimilt að gera betur en má ekki bjóða lakari kjör en kjarasamningur segir til um. Öllum starfsmönnum Íslandspósts stendur til boða að gerast félagsmenn, enda hefur fyrirtækið látið alla starfsmenn njóta samningsbundinna launahækkana félagsins og því í raun aðeins tímaspursmál hvenær Póstmannafélagið hefur innheimtu á samningsréttargjöldum fyrir utanfélagsmenn.

Þjóðleg stéttvísi

Eitt af meginmarkmiðum jólasveinaheimilisins er að efla samstöðu íslenskra jólasveina í baráttunni við „jólasveininn“. Þetta kann í fljótu bragði að virðast nokkur þverstæða, svo við fengum nokkra af jólasveinunum til að útskýra hvað átt væri við með þessu.

Jólasveinninn, er hann þá ekki einn af ykkur eða hvað?

Stúfur: Hann Santaklás? Ég held nú síður. Hvar hefur þú alið manninn?

Giljagaur: „Jólasveinninn“ er alls ekki jólasveinn.

Stekkjastaur: Maðurinn er réttindalaus.

Giljagaur: Útlendingur.

Stúfur: Já, hann er réttindalaus að skotadýr, en samt er hann búinn að hrífa til sín öll okkar verkefni. Þetta er svo greinilega leikin fígúra, sem er bara að þykjast. Og svo er ætlast til að við bara sættum okkur við það þegjandi og hljóðalaust að hann sé kallaður JÓLASVEINNINN í öllum fjölmiðlum, bæði ríkisreknum og einka. Hvað haldið þið nú að rafvirkjar landsins til dæmis hefðu um það að segja ef einhver fúskari væri blásinn út, tæki alla þeirra vinnu og væri svo kallaður RAFVIRKINN?

Stekkjastaur: Og það er líka honum að kenna að orðið jólasveinn hefur fengið niðrandi merkingu í málinu. Og reyndar er það svo sem ekkert skrítið, eins og maðurinn lætur. Algjör jólasveinn, þetta heyrir maður oft.

En ætlið þið nú að hefja baráttu gegn honum?

Stúfur: Já, nú verður honum heldur betur refsað. Fyrst og fremst ætlum við að hjálpa fólki að sjá í gegnum hann. Hann kaupir sér vináttu, vinsældir og áhrif með gjöfum. En fólk skyldi muna hið fornkveðna, að æsir gjöf til gjalda.

Loks ein samviskuspurning:

Trúið þið á jólasveininn?

Giljagaur: Þetta er ekki spurning um trú heldur vissu.

Stekkjastaur: Við höfum séð hann sjálfir.

Stúfur: Ég sá hann í Hagkaup í fyrra.

Þórarinn Eldjárn: Jólasveinaheimilið (1982).
(Úr bókinni Í jólskapi, Bjallan 1983.)

KYNNING Á PÓSTMANNI

Nafn: Jóna Magnea
Jónsdóttir

Fædd: 27. ágúst 1934

Starf: Flokkstjóri bréfbera

Hóf störf: 1. desember 1966

Vinnustaður: Dreifingarstöð í Mjódd,
109 og 111



Geturðu byrjað í fyrramálið?

- Rætt við Jónu Magneu Jónsdóttur, sem hefur starfað við póstburð í Breiðholtinu um þriggja áratuga skeið

Magnea er einn af fyrstu bréfberunum í Breiðholtinu og sá eini þeirra sem enn er í sama starfi. Íbúar í Neðra-Breiðholti líta örugglega á Magneu sem hluta af innviðum hverfisins enda örugglega enginn sem á eins mörg skref í hverfinu og hún. Fáir hafa fylgst eins vel með þróun Breiðholtsins og Magnea, frá því að vera örfá hús og til þess að vera hverfi þar sem íbúarnir eru vel yfir 20.000. Magnea hefur fylgst með samstarfsmönnum koma og fara en alltaf er hún fastur punktur í tilveru starfsmanna á R-109.

Allt frá því að hún og hennar samstarfsmenn fengu póstinn sendan í töskunum upp í Arnarbakka, þar sem síðar var opnað fyrsta pósthúsið í Breiðholtinu og til þess að hafa þá ágætis vinnuaðstöðu sem nú er í Mjóddinni. Við spurðum Magneu fyrst hvers vegna hún hefði hafið störf hjá Póstinum:

„Ég heyrði í útvarpinu að auglýst var eftir konum í bréfberastörf. Ég á fjóra syni og sá yngsti var þá á 6. ári. Ég hafði verið heimavinnandi í 12 ár og fannst því upplagt að sækja um. Það var föstudagur og ég dreif mig niður í Pósthússtræti en þá var Matthías Guð-

mundsson póstmeistari. Hann tók mér ágætlega en lofaði samt engu. Um kvöldið var svo hringt og spurt hvort ég gæti mætt morgunin eftir, sem var laugardagur!

Ég byrjaði á R-104, sem þá var staðsett á Langholtsvegi. Var ég þar þangað til byrjað var að bera út póst í Breiðholtinu. Þá voru komin einbýlishúsin í Stekkjahverfinu, raðhúsin og blokkirnar í Neðra-Breiðholti. Við vorum þrjár, ein með Stekki og raðhús, síðan skiptum við tvær með okkur 22 fjölbýlishúsum (með 54 íbúðum hvert). Á þessu hefur orðið mikil breyting og hagræðing, bréfberasvæðin hafa minnkað mikið sem sjá má af því að í dag ber ég út póst í 4 af þessum húsum.

Samsetning póstisins hefur vissulega breyst mikið og þyngdin oft næstum óviðráðanleg. Þeir menn sem stjórna Íslandspósti í dag eiga heiður skilinn. Á einu ári hefur orðið ótrúleg breyting til hins betra bæði hvað varðar skiptingu hverfa og á þeim tækjum sem við bréfberar höfum við störf okkar. Eitt af því sem gert hefur verið er að stofna svokallaðar dreifingarstöðvar, færa yfirmensjón með bréfberum og dreifingu frá póststöðvunum sjálfum og ráða sér-

staka dreifingarstjóra. Að mínu mati höfum við í Mjóddinni verið mjög heppin með þá mannsektu sem var valin í það starf. Flokksstjóri bréfbera er í dag aðstoðarmaður dreifingarstjóra en var áður verkstjóri yfir dreifingunni, sá um að leiðbeina nýliðum, ráða í afleysingar í forföllum auk þess að bera út sjálfur.

Ég fór í veikindaleyfi 1. desember 1998, þá voru hnén á mér farin að gefa sig eftir margra ára göngu um götur Breiðholtsins með þungan póst. Á tímabili leit út fyrir að ég myndi ekki geta unnið meira og var ég í fyrstu hálf fegin. Síðan kom í ljós að ég hafði náð það miklum bata að ég gat byrjað aftur, mér til mikillar ánægju.

Strax fyrsta árið sem konur gerðu innrás í bréfberastarfið svar stofnað félag sem skírt var Þór og Freyja. Þór varð að vera með vegna hinna örfáu karlmannna sem enn voru í stéttinni. Félag þetta var mjög virkt. Við héldum fundi mánaðarlega og var mikið unnið í ýmsum erfiðum baráttumálum. Á þessum tíma var borinn út póstur á laugardögum. Til að fá því breytt gengum við í hús og söfnuðum undirskriftum hjá fólki, hvort því væri ekki sama þótt það fengi ekki póst á laugardögum. Það gekk eftir og síðan hefur ekki verið borinn út póstur á laugardögum. Eftir því sem félagið stækkaði vaknaði sú spurning hvort við ættum að sækja um innngöngu í Póstmannafélagið. Þeir sem þar voru fyrir vildu okkur ekki í félagið. Þó sáu þeir að sér að lokum enda var okkar félag orðið svo sterkt og öflugt að við hefðum getað haft mikil áhrif. Á þingi póstmanna á Hótel-Sögu var tveimur okkar boðið til setu þ.e. Hönnu Lárusdóttur formanni og mér sem ritara en aðeins sem áheyrnarfulltrúum. Að endingu kom að því að við gengum í Póstmannafélagið en þó með skilyrðum þeirra sem þar voru fyrir.

Helstu áhugamál mín eru ferðalög, svo og sund sem ég stunda daglega þegar ég hef lokið við að bera út póstinn.

Að lokum óska ég Íslandspósti og starfsmönnum fyrirtækisins til hamingju með þau framfaraspör sem stigin hafa verið og vona að heilladísirnar verði okkur hliðhollar í framtíðinni.





Félagar í Póstmannafélagi Íslands stnda nú frammi fyrir því að velja sér nýja forystu eða gefa þeirri sem nú situr áframhaldandi umboð til starfa.

Póstmannafélag Íslands:

Kosningar í vor

Framboðsfresturinn rennur út 10. febrúar á næsta ári

Nú líður að kosningum í félaginu okkar, en skv. lögum félagsins, 9. og 10. grein, skal kjósa formann, stjórn og trúnaðarmenn á þriggja ára fresti í marsmánuði. Þeir sem hafa í hyggju að gefa kost á sér tilkynni framboð sitt til kjörstjórnar PFÍ fyrir lok framboðsfrests, sem er til 10. febrúar árið 2000.

Í III. kafla laga PFÍ er fjallað um deildaskiptingu, kjör formanns framkvæmdastjórnar og kjör formanns félagsins til þriggja ára. Þar segir svo:

A: Kosning framkvæmdastjórnar

1. deild. Bréfberar, flokksstjórnar.

Í deildinni eru allir sem vinna við útburð á pósti og flokksstjórnar þeirra. Deildin kys einn stjórnarmann og einn til vara.

2. deild. Póstafgreiðslumannadeild.

Í þessari deild eiga sæti allir póstafrgreiðslumenn, umsjónarmenn með flokkun bréfa, varðstjórnar, póstgjaldkerar og fulltrúar við póstafrgreiðslustörf. Deildin kys sér einn stjórnarmann og einn til vara.

3. deild. Deild stjórnenda.

Í deildinni eiga sæti allir stöðvarstjórnar, dreifingarstjórnar, afgreiðslustjórnar og deildarstjórnar. Deildin kys sér einn stjórnarmann og einn til vara.

4. deild. Póstgíró og skrifstofudeild.

Í deildinni eiga sæti allir starfsmenn Póstgíró, starfsmenn tölvu- og upplýsingakerfa, starfsmenn E-pósts og allir skrifstofumenn í félaginu. Deildin kys sér einn stjórnarmann og einn til vara. Skulu þeir ekki vera frá sömu deild.

5. deild. Póstmiðstöð.

Í deildinni eiga sæti allir starfsmenn póstmiðstöðvar, fyrirtækjaþjónustu og hraðflutningsdeildar, nema þeir sem eru í deildum 3 og 4. Deildin kys sér einn stjórnarmann og einn til vara og mega þeir ekki vera úr sömu deild.

6. deild. Fulltrúi trúnaðarráðs.

Kjörinn fulltrúi og einn til vara, kjörnir á fyrsta fundi eftir kosningar. Flytjist kjörinn stjórnarmaður milli deilda taki varamaður sæti hans. Stjórnin skiptir með sér verkum: Varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur.

B: Kosning formanns

Formaður er kosinn beinni kosningu í félaginu til þriggja ára. Kjörgengi hafa allir sem hafa verið skráðir félagar í PFÍ í eitt ár. Kjörnefnd stjórnar kosningunni og lýsir eftir framboði. Frambjóðendur skulu hafa meðmæli minnst 10 félaga úr hverri hinna fimm starfsgreinadeilda, helmings af landsbyggðinni. Kjörnefnd úrskurðar lögmati framboðs. Til að vera löglega kjörinn skal frambjóðandi hljóta minnst 50% greiddra atkvæða. Hljóti enginn 50% í fyrstu umferð skal kjósa aftur á milli tveggja efstu. Séu atkvæði jöfn þá skal hlutkesti ráða.

Í IV. Kafla eru ákvæði um trúnaðarráð. Þar segir á þessa leið:

Félaginu stjórnar trúnaðarráð, skipað formanni félagsins, framkvæmdastjórn og kjörnum trúnaðarmönnum vinnustaða. Ráðið er kosið til þriggja ára. Flytjist trúnaðarmaður milli svæða á tímabilinu, tekur varamaður við. Trúnaðarmenn vinnustaða ásamt einum varamanni eru kosnir samkvæmt eftirfarandi svæðaskiptingu:

1. Akranes, Borgarnes, Reykholt.
2. Búðardalur, Stykkishólmur, Króksfjarðarnes, Flatey.
3. Grundarfjörður, Ólafsvík, Hellisandur.
4. Patreksfjörður, Bíldudalur, Tálknafjörður.
5. Ísafjörður, Bolungarvík, Súðavík, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri.
6. Hólmavík, Staður, Dranganes, Hvammstangi.
7. Blönduós, Skagaströnd.
8. Sauðárkrúkur, Varmahlíð, Hofsó.
9. Siglufjörður.
10. Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður, Grenivík, Hrísey.

Ný stjórn Póstmannasjóðs

Á dögnum fór fram kjör til stjórnar Póstmannasjóðs. Aðalmenn voru kjörnir Torfi Þorsteinsson og Guðrún O. Halldórsdóttir og til vara Vilborg Gunnarsdóttir og Hrólfur Jóhannesson. Endurskoðendur reikninga Póstmannasjóðs eru þau Eyjólfur Guðmundsson og Soffía H. Jónsdóttir.



11. Akureyri, Póstmiðstöð Fjölningstötu.
12. Húsavík, Reykjahlíð.
13. Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörður, Bakkafjörður.
14. Egilsstaðir, Borgarfjörður eystri, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík.
15. Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður.
16. Höfn, Djúpvogur, Fagurhólsmýri.
17. Kirkjubæjarklaustur, Vík, Hella, Hvolsvöllur.
18. Vestmannaeyjar.
19. Selfoss, Hveragerði, Laugarvatn, Flúðir, Eyrarbakki, Stokkseyri, Þorlákshöfn.
20. Grindavík.
21. Keflavík, Sandgerði, Gerðar, Keflavíkurflugvöllur, Vogar.
22. Kópavogur
23. Hafnarfjörður
24. Garðabær.
25. Mosfellsbær.
26. Reykjavík-1
27. Dreifingarstöð Grensásvegi.
28. Dreifingarstöð Vesturbær.
29. Reykjavík 5.
30. Reykjavík 7, Seltjarnarnes.
31. Reykjavík 8, Reykjavík 3.
32. Reykjavík 9.
33. Reykjavík 10.
34. Reykjavík 12
35. Póstmiðstöð/flutningadeild/Fyrirtækjaþjónusta=Aðaltrúnaðarmaður
36. Póstmiðstöð/ Flutningadeild/-trúnaðarmaður 1.
37. Póstmiðstöð/ Flutningadeild/-trúnaðarmaður 2.
38. Póstmiðstöð/ Flutningadeild/-trúnaðarmaður 3.
39. Fyrirtækjaþjónusta.



Þeir sem hafa í hyggju að gefa kost á sér í trúnaðarstörf á vegum PFI eiga að tilkynna framboð sitt fyrir lok framboðsfrests, sem er 10. febrúar árið 2000.

40. Hraðflutningsdeild
41. Skrifstofur í Póstmiðstöð
42. Skrifstofur í Pósthússtræti/Frímerkjasala/ Frímerkjavarsla.
43. Póstgíró/ Tölvudeild/ E-póstur.
44. Fulltrúi Eftirlaunadeidar.

Kosningu skal haga svo:

- a) Kjörstjórn sér um kosningu fulltrúa í trúnaðarráð.
- b) Kosning fer fram í mars.
- c) Kosning skal vera leynileg og óhlutbundin.
- d) Kjörinn fulltrúi er sá sem flest fær atkvæðin og varamaður sá sem næstflest fær.
- e) Séu atkvæði aðalfulltrúa og varafulltrúa jöfn skal hlutkesti ráða.
- f) Allir félagsmenn að undanskildum

- þeim sem falla undir 5. grein eru kjörgengir og hafa atkvæðisrétt.
- g) Félagsmenn skulu settir á kjörskrá á því svæði sem þeir vinna þegar kjörskrá er samin.
 - h) Kjörnir fulltrúar í trúnaðarráð gegna skyldum skv. 24. grein.
- Félagar eru hvattir til að velja ábyrga samstarfsmenn til trúnaðarstarfa og taka virkan þátt í starfi félagsins.

Gift eða ógift?

Í gömlu Póstmannablaði rákumst við á þessa skemmtisögu sem segir okkur að á stundum geta komið upp skondin tilvik hjá Póstinum:

Einu sinni bar svo við í pósthúsi að viðskiptavinur kom með böggul til póstsendingar og bað um hjálp við að fylla út tollskýrslu. Póstafgreiðslumaðurinn sagði honum að rita „gjöf“ á ensku og sagði viðkomandi að á þeirri tungu væri það „GIFT“. Viðskiptavinurinn fyllti nákvæmlega út fylgibréf og tollskýrslu og segir ekki meira af því fyrr en viðkomandi var farinn út, en það var kona ofarlega á giftingaraldri. Þegar konan var farin leit afgreiðslumaðurinn á tollskýrsluna og sá að þar hafði verið skrifað skýrum stöfum: „ÓGIFT“!

... HEYRST HEFUR ...

... að þrátt fyrir þá stefnu Íslandspósts að leggja aukna áherslu á flutninga og bættu þjónustu í þeim efnum, þurfi ekki að auðvelda aðgengi almennings að afgreiðslustöðum, helst eigi að fækka þeim eins og mögulegt er. „En það er fleira matur en feitt ket.“ Það er fleira flutningur en bréf, bögglar og fjölpóstur.

Fjármunir eru líka flutningur og tengist oft öðrum flutningi fyrirtækisins. Þá

vaknar sú spurning hvort gleymst hafi að taka með í reikninginn að til að viðtakandi verði til þarf líka að vera einhver sem sendir. Sem betur fer er hinn almenni borgari ennþá viðskiptavinur póstsins, en honum þarf að sinna eins og fyrirtækjunum, hann þarf að hafa greiðan aðgang að fyrirtækinu, hann er líka eigandi fyrirtækisins sem og við hin hvar sem við búum.





Áð á grænum bala og fögur fjallasýn til allra átta.

Ævintýraferð um Snæfellsnes

Guðmundur Jóhannsson skrifar

Miðvikudagurinn 21. júlí rann upp bjartur og fagur en eftir honum hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu. Það var eldra pósthólf sem átti langt starf að baki og naut nú frelsisins frá húsbóndavaldinu og ábyrgðinni og hafði tekjur sínar frá lífeyrissjóði sínum og eftirlaun, sem landsfeðurinir skammta svo ríkulega, (eða hvað?) og gestir þeirra sem búnir voru að ráðgera ferð um Snæfellsnes í boði P.F.Í. og Íslandspósts hf. sem bauð upp á máltíð.

Lagt var af stað frá Grettisgötu 89 upp úr kl. 8 og farið svo sem leið lá að fyrsta stoppi sem var í Hýrnni í Borgarnesi. Ekki má gleyma að geta þess að hér var um árlega ferð fyrrverandi starfsfólks póstsins að ræða í boði sömu aðila, og að þessu sinni var um metaðsókna eða vel 150 manns, í þremur „rútum“ sem lögðu land undir fót.

Eftir hressingu á kaffitári og þjónustu við náttúrulögmálið var ferð haldið áfram. Sveitin skartaði sínu fegursta í sólinni og vítt til veggja frá fjöru til fjalls og búsaeldarleg sveit. Ekki leyndi sér að tæknin í búskaparháttum hafði haldið innreið sína í þessum sveitum sem öðrum, því stórar breiður af hinum hvítu hnoðrum þöktu tún og akra, sem þrýðir lítið annars fallett landslag.

Snæfellsnes og Borgarfjörður er landssvæði auðugt af sögum og atburðum, bæði skráðum og óskráðum í gegnum aldirnar. Formaður okkar, Þuríður Einarsdóttir fræddi ferðalanga um heiti á fjöllum og jörðum og ýmsa atburði bæði raunverulega og yfirnáttúrulega skáldlega svo sem af tröllskessunni með silungakippuna er dagaði uppi og varð að steindraugi í Kerlingarskarði. Þá má nefna að Grettir Ásmundarson dvaldi í útlegið sinni um þrjú ár í Fagraskógarfjalli með leyfi Björns Hítðalakappa, en var enginn aufúsugestur flestra sveitunganna og

ekki að ástæðulausu, því hann hjó mann og annan og rændi búfé þeirra.

Tíminn leið ljúft áfram og margt sem bar fyrir augu og eyru, farkostur góður og lengst af vegur góður með varanlegu slitlagi. Það er breytt frá því sem áður var þegar vegir okkar voru eins og þvottabretti með viðeigandi djúpum holum á milli. Er við komum að gatnamótunum að Fróðárheiði beið okkar góður gestur, Skúli Alexandersson, fyrrum þingmaður þeirra Vestlendinga og tók hann við fararstjórn og leiðsögn. Skúli er hafsjór af fróðleik og kemur honum skemmtilega til skila.

Næsti áfangastaður okkar var á Arnarstapa og fór vel á því að nema staðar á þessum gamla en niðurlagða póstafréiðslustað. Þarna ræður ríkjum Bárður Snæfellsás. Ekki lá ljóst fyrir hvort gestakoma var húsbónda ljúf eð leið, því smá kuldagjólú gætti meðan við námum þar staðar og neyttum nestis, sem með var í för. Það eru margar náttúruperlur sem þrýða svæðið á Arnar-

stapa. Ekki verður farið um þessar slóðir án þess að sjálfur kóngurinn Snæfellsjökull verði nefndur stolt og prýði nessins. Margir hafa fundið fyrir mætti hans og valdi og margir bíða enn eftir einhverju yfirnáttúrulegum atburðum sem þar munu gerast, af hans völdum. Arnarstapi er gamall útgerðarstaður og er það raunar enn því all margir smábátar gera þar út, það er stutt á miðin og góður lendingarstaður.

Næsti áfangastaður voru Hellnar, sem er gamall athafnastaður og nú er aðalatvinnuvegur þar trillubátaútgærd. Orlofsbúðir Landssambands íslenskra útvegsmanna eru á svæðinu og menningarlegt mannlíf á staðnum. Síðan var haldið áfram sem leið lá fyrir nesið með öllum sínum örnefnum, hellum og hólum, hlíðum og dólum og kunningi Skúli deili á því öllu. Þar keyrðum við framhjá Lóndröngum, þar sem hann horfir til fjalls og bíður elskunnar sinnar, en biðin er löng þar sem hún dagaði uppi á Kerlingarskarði og komst ekki lengra.

Að Hellissandi komum við um kl. 15 og nutum í félagsheimilinu Röst kraftmikillar súpu, gerði úr því hræfni sem sjómenn staðarins færa að landi. Til allrar óhamingju höfðu skilaboð um að við fengjum kaffi á eftir ekki borist veitingamanninum þannig að kaffiþyrstir urðu að bita á jaxlinn og bíða eftir kaffi með kvöldmatnum. Síðan var gerð smálykkja á leiðina og skoðað fornminjasvæði varðandi sjávarútveg, sem eru um 200 fiskbyrgi hlaðin úr grjóti. Í raun liggur ekki ljóst fyrir til hverra hluta þessi byrgi voru notuð. Þaðan lá leiðin að Ingjaldshóli hinum forna sögu- og kirkjustað og höfðingjasetri. Sagan hermír að kirkjan sé hin elsta á landinu sem byggð er úr steinsteypu. Þá segir sagan að Kristófer Kólabus hafi komið þar árið 1477 og átt þar vetursetu og kynnt sér Vesturför þeirra feðga, Eiríks og Leifs. Á Ingjaldshóli sátu áður fyrr sýslumenn og umboðsmenn konungs. Þar hefur nýlega verið reistur minnisvarði um Eggert Ólafsson og konu hans, þetta eru tvær steinsúlur og ef horft er á milli þeirra í norðurátt þá sést yfir að Skor á Barðaströnd þaðan sem Eggert „ýtti frá kaldri Skor“, eins og segir í kvæðinu.

Þegar hér var komið var farið að flýta för og ekið um Rif. Það er snyrtilegur staður og hús falleg, sum með turn-



Það var mikið gengið í ferðinni góðu og veðurguðirnir í góðu skapi.

byggingum misháum, hinir gamansömu segja að það séu kvótakóngar sem eigi turnhúsin og hæð þeirra fari eftir hve þeir eigi stóra kvóta. Á þessu byggðasvæði Gufuskálum, Hellissandi og Rifi eru miklu fleiri og stærri sögustaðir en komið verður fyrir í stuttri grein. Er ekið hafði verið í gegnum Rif var stefnan tekin heim á leið en áður en lagt var á Fróðárheiði kvaddi leiðsögu- maðurinn Skúli hópinn. Hafi hann þökk fyrir góða og skemmtilega leiðsögn. Nú gerðist fátt eitt þar til komið var á Hótel Borgarnes og sest þar til borðs að ljúffengri máltíð í boði Íslandsþósts hf.

eins og getið er um í upphafi þessara orða. Stödd í Borgarnesi er stutt eftir að leiðarenda og það var glaður hópur, kannski sumir örlítið þreyttir eftir langan dag, en óneitanlega bæði fræðandi og skemmtilegan, sem gengu til hvílu um kvöldið.

Það er þakkarvert þegar menn hafa lokið sínum starfsdegi að þeir séu ekki þar með týndir og gleymdir. Það er ljóst að það hvílir engin lagaskylda á þessum aðilum að standa straum af svona ferðum því er það enn þakkarverðara. Því segi ég að lokum: Hafið kærar þakkir og við hlökkum til næsta sumars.



Fagnaðarfundir urðu þegar Björn Björnsson og Skúli Alexandersson hittust en sá síðarnefndi hafði verið verkstjóri Björns í Djúpuvík fyrr á öldinni!

Launatafla frá 1. janúar 2000

Starfsaldur Eldri lífi	Nýr lífi	0-1 ár 1. Prep	eftir 1 ár 2. Prep	eftir 3 ár 3. Prep	eftir 6 ár 4. Prep	eftir 9 ár 5. Prep	eftir 13 ár 6. Prep	eftir 18 ár 7. Prep	Dagv.	Vaktala g 33,33%	45%
433	1	71.529	73.705	75.964	78.319	80.767	83.313	86.019	529,02	176,32	238,06
434	2	73.159	75.401	77.732	80.154	82.675	85.340	88.149	542,11	180,69	243,95
435	3	74.841	77.149	79.551	82.044	84.664	87.446	90.337	555,57	185,17	250,01
436	4	76.572	78.947	81.420	83.999	86.751	89.614	92.594	569,45	189,80	256,25
437	5	78.356	80.803	83.348	86.062	88.899	91.848	94.915	583,73	194,56	262,68
438	6	80.191	82.714	85.380	88.191	91.112	94.150	97.311	598,46	199,47	269,31
439	7	82.081	84.704	87.486	90.381	93.393	96.519	99.778	613,63	204,52	276,14
440	8	84.037	86.793	89.659	92.636	95.739	98.965	102.316	629,24	209,73	283,16
441	9	86.105	88.940	91.894	94.964	98.157	101.477	104.929	645,31	215,08	290,39
442	10	88.233	91.157	94.194	97.359	100.647	104.067	107.631	661,93	220,62	297,87
443	11	90.423	93.436	96.566	99.824	103.213	106.735	110.477	679,43	226,45	305,74
444	12	92.682	95.784	99.012	102.366	105.855	109.537	113.409	697,47	232,47	313,86
445	13	95.007	98.202	101.523	104.979	108.609	112.438	116.426	716,02	238,65	322,21
446	14	97.406	100.696	104.119	107.684	111.483	115.431	119.536	735,15	245,02	330,82
447	15	99.872	103.262	106.787	110.532	114.440	118.508	122.740	754,85	251,59	339,68
448	16	102.415	105.906	109.591	113.465	117.494	121.683	126.037	775,13	258,35	348,81
449	17	105.033	108.661	112.499	116.486	120.637	124.947	129.436	796,03	265,32	358,22
450	18	107.740	111.537	115.487	119.596	123.869	128.314	132.934	817,55	272,49	367,90
451	19	110.590	114.502	118.569	122.802	127.202	131.779	136.541	839,73	279,88	377,88
452	20	113.523	117.555	121.745	126.103	130.637	135.350	140.254	862,56	287,49	388,15
453	21	116.548	120.697	125.013	129.501	134.174	139.027	144.075	886,06	295,32	398,73
454	22	119.660	123.935	128.379	133.003	137.814	142.818	148.017	910,30	303,40	409,64
455	23	122.866	127.270	131.850	136.612	141.562	146.717	152.073	935,25	311,72	420,86



Stjórn félagsins skipa nú þurfið Einarsdóttir formaður og þau Kristín V. Gísladóttir, Kristrún Kristjánsdóttir, Elinbjörg Kristjánsdóttir, Torfi Þorsteinsson, Jón Ingi Cæsarsson og Bergþór Kristjánsson.

Nefndakosning á síðasta aðalfundi

Skemmtinefnd:

Sveinbjörn Svavarsson, Póstmiðstöð,
Anna Jóna Arnbjörnsdóttir, Póstmið-
stöð, Ludwig Siemensen, Tölvu- og
upplýsingadeild, Guðrún Halldórsdóttir,
Erlend samskipti, Emma Ingibjörg
Valdsdóttir, Póstmiðstöð.

Orlofsheimilanefnd:

Alda Hjartardóttir, R-109,
Eyrún Guðbjörnsdóttir, Póstgíró,
Edda Egilsdóttir, R-101,
Sævar Einarsson, ePost,
Pálína Ármannsdóttir, Póstmiðstöð.

Laganefnd:

Torfi Þorsteinsson, Endastöðva- og
upplýsingadeild,
Jón Ingi Cæsarsson, Akureyri,
Bergþór Kristjánsson, Póstmiðstöð,
Stefanía Helgadóttir, Hagdeild,
María Magnúsdóttir, Póstmiðstöð.

Skoðunarmenn reikninga:

Eyjólfur Guðmundsson, Tölvu- og upp-
lýsingakerfi,
Kjartan Flosason, Sölu- og þjónustu-
staðir.

Til vara: Stefanía Helgadóttir, Hag-
deild.

Aðrar breytingar sem orðið hafa eru
þessar: Í ársbyrjun 1999 var lýst eftir
framboðum vegna aukakosninga í emb-
ætti varamanna í stjórn í tveimur deild-
um félagsins, 2. deild, Póstafgreiðslu-
mannadeild og 4. deild, Póstgíró og
skrifstofudeild. Þessar kosningar
þurftu að fara fram vegna tilflutnings
þeirra sem áður gegndu viðkomandi
trúnaðarstörfum. Aðeins barst eitt
framboð í hvort embætti svo sjálfkjörið
var í báðum tilfellum. Varamaður í 2.
deild er Herdís Skarphéðinsdóttir, R-
108 og í 4. deild, Anna Jóna Arnbjörns-
dóttir, Póstgíró/Póstmiðstöð.

Á fundi trúnaðarráðs voru kjörnir
nýir fulltrúar í ritnefnd í stað Herborg-
ar Þorgeirsdóttur og Eyjólfss Guð-
mundssonar sem óskuðu eftir að láta af
störfum. Kjörnir voru Margrét Ásgeirsdóttir,
þá fulltrúi í Hveragerði, nú
stöðvarstjóri í Stykkishólmi og María
Magnúsdóttir Birtingaþjónustu. Á
fyrsta fundi ritnefndar eftir breytingar
var Kristín V. Gísladóttir kjörin ritstjóri.

Konum til lofs

Í jólaönnum er tilvalið að birta grein úr síðasta tölublaði Veru og er vonandi að engin þeirra fjölmörgu kvenna sem eru félagsmenn í PFÍ búi við slíkar aðstæður.

Mamma og pabbi voru að horfa á sjónvarpið þegar mamma sagði: „Ég er þreytt, það er framorðið. Ég ætla í rúmið.“

Hún fór inn í eldhús til að búa til samlokur fyrir morgundaginn, tæmdi poppkornsskálarnar, tók kjöt úr frystinum fyrir kvöldmatinn annaðkvöld, athugaði hvort nóg væri til af morgunkorni, fyllti syrkurarið, setti skeiðar og skálar á borðið og fyllti kaffikönnuna fyrir morgundaginn. Þá setti hún þvott í þurrkarann, setti í þvottavélina, straujaði skyrtu og festi á tölu. Hún tók dagblöðin upp af gólfinu, spil-in af borðinu og setti símaskrána aftur í skúffuna. Hún vökvaði blómin, tæmdi ruslafötu og hengdi handklæði til þerris.

Hún geispaði, teygði úr sér og stefndi í áttina að svefnherberginu. Hún staðnæmdest við skrifborðið og skrifaði skilaboð til kennarans, taldi peninga fyrir skólaferðalagið og teygði sig eftir skólabók sem lá undir stól. Hún skrifaði á afmælskort fyrir vin sinn, ritaði heimilisfangið á umslagið og frímerkti það, þá skrifaði hún í hvelli innkaupalista fyrir morgundaginn. Hvort tveggja setti hún nálægst veskinu sínu. Þá þvoði hún sig í framan, setti á sig rakakrem, burstaði tennurnar og hreinsaði þær með tannþræði.

Pabbi kallaði: „Ég hélt þú ætlaðir í rúmið.“ „Ég er að fara inn,“ sagði hún. Hún setti vatn á disk hundsins, hleypti kettinum út og að því loknu athugaði hún hvort útihurðin væri læst. Hún leit inn til barnanna. Hún slökkti á náttborðsljósi, hengdi upp skyrtu, setti sokka í óhreina tauið og spjallaði aðeins við barnið sem var að læra heima.

Hún stillti vekjarann í svefnherberginu sínu, tók til föt fyrir morgundaginn og lagaði skóreckkann. Hún bætti þremur atriðum á minnislista morgundagsins.

Í þeirri andrá slökkti pabbi á sjónvarpinu og tilkynnti: „Ég ætla í rúmið,“ og ... hann gerði það.





Hin nýja póstmíðstöð Íslandspósts á Jörfa er hin glæsilegasta og sérhönnuð fyrir þarfir póstsins.

Póstmiðstöðin í nýtt hús:

Miklir möguleikar til framfara

Ragneiður Björnsdóttir skrifar

Enn bætist nýr áfangi í sögu póstþjónustunnar á Íslandi. Helgina 8-10 október s.l. flutti Íslandspóstur starfsemi Póstmiðstöðvarinnar í nýtt og glæsilegt hús, sem byggt hafði verið sérstaklega fyrir starfsemi hennar. Byggingin er á Jörfa við Vesturlandsveg, lóð sem Póstur og síma átti og skipt var bróðurlega á milli fyrirtækjanna við aðskilnað þeirra. Jörfi mun merkja langan melhrygg á mörkum votlendis og þurrlendis og var þarna á mótum Eggja ytri og Ártúnsholts. Um Jörfann var farið í leiðinni upp í Mosfellssveit. Í lýsingu á leiðinni uppeftir minnst Halldór Laxnes á „...Jörfann sem kallaður var Lálangi jörfi af því þar byrjaði að renna af lestarmönnum sem voru að flytja harðhousa af suðurnesjum.“ HKL 1975.

Á stærð við fótboltavöll!

Húsið er mjög glæsilegt, á stærð við fótboltavöll, eða 5800 m². Arkitektar

Skógarhlíð teiknuðu húsið og ÓG bygg sá um framkvæmdir. Þar sem húsið er allt á einni hæð og engir fastir veggir í salnum býður það upp á ýmsa möguleika við tækjaval til að létta störf. Ákveðið var að byrja starfsemi með þeim tækjum og tólum sem notuð voru í Ármúlanum og sjá síðan til og bæta

við eftir því sem þurfa þætti. Póstmiðstöðin hafði verið um 15 ára skeið í húsnæði Pósts og síma að Suðurlandsbraut 28 en í daglegu tali þó alltaf nefnd Ármúlinn. Húsið nær nefnilega frá Suðurlandsbraut og að Ármúla og var pósturinn aðallega Ármúlamegin. Þar var einnig pósthús svo og aðal-



Það var margt um manninn við opnun póstmíðstöðvarinnar og eins og sjá má er þar hátt til lofts og vítt til veggja.

skrifstofur Umdæmis VI. Ármúlinn, sem á sínum tíma þótti glæsilegt hús og mikil framför hjá pósthjónustunni, var kvatt án eftirsjár. Satt að segja varð húsið fljótlega afar óhentugt, á tveimur hæðum og allt of lítið. Á því voru kvaðir um nýtingu lóðar og af þeirri ástæðu var garður í miðju húsi sem mörgum var þyrnir í augum og nýttist ekki fyrir starfsemina. Fljótlega var leigt auka-húsnæði fyrir tollalager og geymslur. Flutningurinn í Ármúlan markaði þó tímamót vegna þess að þar voru sameinaðir undir einu þaki fimm vinnustaðir og eru það sömu vinnustaðirnir sem sameinast nú á einu gólfi og gefa von um ýmsa möguleika á betri og fjölbreyttari pósthjónustu. Möguleikar á vélvæðingu í flokkun eru ofarlega í hugum manna og þá með hliðsjón af því að öll ábyrgðarbréf og böggjar á Stór-Reykjavíkursvæðið verði keyrð út frá miðstöðinni eftir aldamót.

Þráðlaus samskipti

Í þau fimmtán ár sem við vorum í Ármúlanum urðu mjög miklar framfarir í þjónustunni og samsetning póstans breyttist mikið. Þegar flutt var í Ármúlan voru allar innfærslur og tilkynningar á skráðum sendingum handskrifaðar. Árið 1988 voru skriffæri lögð á hilluna og tölvurnar tóku við. Þær voru lengi mjög sérhæfðar og náðu ekki út fyrir vegg deildanna í miðstöðinni, hvað þá út til pósthúsanna. En svo kom SAP og það tengir nýju póstmíðstöðina við landið og heiminn, því nýlega var póstmíðstöðin tengd við CAPE-tölvu-



Formaður Póstmannafélags Íslands, Þuríður Einarsdóttir, flutti kveðjur frá félaginu.

kerfi IPC, sameiginlegt tölvukerfi 20 landa og þannig getum við fylgst betur með gæðum og því magni sem væntanlegt er til okkar á hverjum degi. Í nýja húsinu er nýjasta tölvutækni notuð, m.a. stríkamerki og þráðlaus samskipti milli tölva.

Eftir tveggja mánaða dvöl í þessu nýja húsnæði innan um hina og þessa iðnaðarmenn sem eru að klára eitt og annað sem ekki var búið þegar við fluttum, er ekki að sjá eða heyra annað en að okkur komi til með að líða vel í þessu rúmgóða, bjarta og skemmtilega húsi. Flutningurinn úr Ármúlanum tók

tvo daga og tókst afskaplega vel. Það ber að þakka samstilltum hópi starfsmanna. Tölvudeildin átti einnig sinn þátt í hversu vel gekk að flytja og tengdu þeir tölvurnar í þeirri röð sem deildirnar komu, þannig að ekki varð nein bið. Bréfdeildin, var flutt fyrst, byrjað var að taka saman flokkunarskápana á föstudagsmorgni klukkan átta og byrjað að flokka í nýju miðstöðinni á laugardagsmorgni. Síðan kom hver deildin af annarri og allt var búið á sunnudagskvöldi. Með þessu nýja húsi hefur þjónustan mikla möguleika til framfara.

Jólafragnaður póstmanna

Íslandspóstur og Póstmannafélagið bjóða starfsfólki og börnum þess til jólafragnaðar í Akóges-salnum að Sóltúni 3 í Reykjavík, miðvikudaginn 29. desember nk. Hefst fragnaðurinn kl. 17:00.



JÓLAKROSSGÁTA PÓSTMANNABLAÐSINS

Höfundur: Dolly Nielsen

		●	Berg	Beltið	Síða- meist- arar	tuíhlf.	2 eins 500	Höfuð- áttir Stakra	Maður	48	Tölu Korn- muni	●
	→											
	Dug- legir											
	Borg					bratan	∨	∨			∨	
	Fljöt					stakar						
Dolly dirt 559- 2499	↓	Hítta Vondar					Líkams- áttir 2 mets			2 eins áhald		
Málm				Fædd Ábúrd					2 eins Átt			↓
Á Fati maður L.kl.			>							>		
ÁH Kusk			>	Íþrótt Tötra			∨		Gerast Stöin			
Snarla 1000 Komastr					>	>		Keyrði Sára			1000 Hotta	
Gengur övrulón Kona					>					>		
●	↓	Oskar með tölu					Duel timi Frik				>	
Átt				Spor Mynni			Snikk- ara efnið				Krúnan	↓
Nagla				Hvöld Hress						alltaf Rugl		
Hita				Fugl sterku				Slör Kona átt				↓
Tönn				píla síðasti blátt		Kraft Ba			Oreif Sull			
Bylgja eink.st					>		Spira sk.st L.kl.				>	
Sérhlj.		2 eins Ílát	∨		Ota nadi					'ólikir Vot		
Pöla væn mánuð						>		>				
Sin L.kl.					>			∨	Fugl Sérhlj.			
●	↘					Ísl. Stafur	Blot- nar					





Jólin 1978

(Til Siggú)

Viltu gefa mér jólagjöf

Pú þarft ekki gullpappír
eða glitrandi borða

fylltu hjarta þitt
friði og ástúð
og færðu mér

Þá kvikna jólastjörnur
í augum okkar

við krjúpum saman við lága jötu
horfum í augu
á litli barni
og brosum

Puríður Guðmundsdóttir

(Úr bókinni Í jólaskapi, Bjallan 1983.)

Jólamatseðill Unnar Ágústsdóttur

Í tilefni jólanna birtum við hér jólamatseðil Unnar Ágústsdóttur. Unnur rekur Vörðuás, veitingahús í Munadarnesi en áður vann hún hjá BSRB að Grettisgötu 89.

Forréttur

Kampavíns soðnir humarhalar með
appelsínu-mintusósu fyrir 4

20 humarhalar í skel

Kampavín

Salt, pipar

1 dós grænir sperglar (aspas)

Kampavíni er hellt yfir humarhalana, svo vel fljóti yfir og þeir soðnir í 1 mínútu.

Kryddað með salti og pipar. Sperglarnir (grænn aspas) eru hitaðir í kampavínssöðinu.

Sósa

Safi úr 3 appelsínnum

1 sítróna

1/2 laukur, smátt saxaður

1 lárviðarlauf

1,5 msk. þurrkuð myntublöð

2,5 dl. rjómi

2,5 dl. kampavín

2 msk. mjúkt smjör

Salt, pipar, sykur og kjúklingakraftur

Appelsínusósa, sítrónusafa, lauk, lárviðarlaufi, myntu og kampavíni er blandað saman í pott og látið sjóða niður um helming. Rjómanum er bætt út í, þykkt með sósujafnara og soðið í 2 til 3 mínútur, síðan sigtað. Þeytið smjör út í sósunu, kryddið með salti, pipar, sykri og kjúklingakrafti.

Grænmetisalat

150 gr. gulrætur

1/2 blómkálshöfuð

150 gr. agúrkur

2 tómatar

1 salathöfuð

Skerið grænmetið smát. Borið fram fallega raðað á forréttadisk með ristudu brauði og smjöri.

Aðalréttur

Ofnsteiktur kalkúni með fyllingu

4-5 kg. kalkúni

50 gr. smjör, stofuheitt

Salt og pipar

Sveskjufylling

2 laukar, saxaðir

1 paprika, skorin í litla bita

2 msk. olía

400 gr. magurt svínahakk

100 gr. saxaðar og ristaðar möndlur

4 sneiðar af franskbrauði, skorið í teninga

4 harðsoðin egg, söxuð

100 gr. steinlausar sveskur, skornar í bita

100 gr. steinlausar grænar olífur

1 tsk. rósmarín

Salt og pipar

Hitið olíuna á pönnu og kraumið lauk og papriku, þar til mjúkt. Setjið svínahakkið út í þar til það fer að brúnast. Merjið sundur með gaffli og bætið því, sem eftir er af uppskriftinni út í. Kælið síðan vel, áður en fyllingin er sett í kalkúninn.

Takið hálsinn, fóarnið, hjartað og lifrina. Geymið fyrir sósunu. Hitið ofninn í 250°C. Kryddið kalkúninn að innan með salti og pipar. Setjið fyllinguna í og saumið fyrir. Nuddið smjörinu utan á fuglinn og stráðið salti og pipar yfir. Setjið kalkúninn í ofnskúffu. Steikið í 20 mínútur, lækkið þá hitann og steikið í 30 mínútur fyrir hvert kíló. Bræðið afganginn af smjörinu og ausið yfir fuglinn ásamt soðinu úr ofnskúffunni.

Borið fram með rauðkálí, brúnuðum kartöflum og grænu kálí.

Eftirréttur

Ekta súkkulaðiterta – Botn

175 gr. smjör

175 gr. súkkulaði

180 gr. sykur

3 eggjarauður

1 dl. muldar heslihnetur

60 gr. hveiti

1 tsk. skyndikaffiduft

3 eggjahvítur

Bræðið smjör og súkkulaði. Blandið sykri og eggjarauðum í blönduna. Bætið hnetum, hveiti og kaffi í deigið og hrærið vel. Stífþeytið eggjahvíturarnar og blandið þeim varlega saman við. Setjið deigið í vel smurt hringform og bakið í 30 mínútur við 175°C til 200°C.

Súkkulaðikrem

150 gr. mjúkt smjör

2 eggjarauður

200 gr. flórsykur

50 gr. kakó

1 dl. rjómi

1/2 dl. kalt kaffi

Þeytið smjör, eggjarauður og flórsykur. Bætið kakói, rjóma og kaffi í og þeytið vel. Smyrjið kökuna með kreminu, skreytið með jarðarberjum og kíví. Sterkt og gott koníak borið með.

Með bestu kveðju. Gleðileg jól!



Póstmannafélag Íslands:

80 ár að baki



Það var glatt á hjalla og margt um manninn þegar félagsmenn í Póstmannafélagi Íslands og gestir þeirra efndu til afmælishátíðar sl. vor í tilefni þess að þá voru 80 ár liðin frá því félagið var stofnað. Fjölbreytt dagskrá var í boði á hátíðinni og skemmti fólk sér hið besta enda ærið tilefni á merkum tímamótum. Við látum nokkrar myndir úr afmælishófinu tala sínu máli.

Gestir fylgjast með dagskránni á afmælishátíð Póstmannafélags Íslands. Frá vinstri Tinna Ólafsdóttir, Torfi Þorsteinsson, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Dalla Ólafsdóttir, Þorsteinn Ólafsson, Svanur Valgeirsson, Anna Guðmundsdóttir, Einar Þorsteinsson, Hörður Jónas-son og Lea Þórarinsdóttir.



Prúðbúnir bréfberar á R-109: Laufey Einarsdóttir, María Högnadóttir og Kristín Hólm.



Hildur Jónsdóttir, Anna Sigurjónsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir voru í góðu skapi.



Tvær í sínu finasta þússi, Ragnheiður Björnsdóttir og Bryndís Þorsteinsdóttir.



Fagnaðarfundir gamalla vinnufélaga. Guðný Guðnadóttir, stöðvarstjóri Vík í Mýrdal og Ólafur Tómasson, fyrrum Póst- og samamálastjóri.



Prúðbúin fyrrmenn: Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Þuríður Einarsdóttir, formaður PFÍ og Halldór Blöndal, þáverandi samgönguráðherra.